



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. febrúar 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um óháðan og gagnsæjan uppboðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar, 106 mál.

Viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál. Samkvæmt þingsályktuninni skal efnahags- og viðskiptaráðherra falið að hafa forgöngu um að stofnaður verði óháður og gagnsær uppboðsmarkaður fyrir eignir banka og fjármálastofnana, fyrir utan íbúðarhúsnæði, sem hafa verið yfirteknar á grundvelli 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Samtökin eru sammála því sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að nauðsynlegt sé „að allt endursölufjerli þessara eigna sé gert lýðræðislegt og gagnsætt, þar sem allir eigi jafna möguleika til þátttöku og við tilboðsgerð í þær eignir sem fjármálastofnanir ætla að selja á hverjum tíma” og enn fremur að auðvelda ætti „öllum fjármálastofnunum að innleiða upplýstara og augljósara ferli við sölu eigna þar sem allur vafi yrði tekinn af um að fullnægjandi vinnubrögð séu viðhöfð”.

Þannig stóðu samtökin í lok síðasta árs að viðtæku samkomulagi með stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum um leiðir við úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem felur í sér að úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði hraðað verulega.

Samtök atvinnulífsins telja ennfremur afar mikilvægt að fyrirtæki sem hafa komist í eigu banka og fjármálafyrirtækja á grundvelli 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði tekin sem allra fyrst til fjárhagslegrar endurskipulagningar og seld í framhaldi af því í opnu útboði á fjármálamarkaði þar sem því verður fyrirkomið.

Samtökin geta tekið undir tillögu þess efnis að efnahags- og viðskiptaráðherra verði falið að hafa forgöngu um það að leggja mat á með hvaða hætti sé unnt með skilvirkustum og skjótustum hætti að ná fram markmiðum þingsályktunartillögunnar. Samtökin setja það ekki fyrir sér að nýtt séu að hluta til úrræði eða stofnanir sem eru til staðar ef ætla má að þannig megi fyrr en ella koma hreyfingu á fjármagn og viðskipti, stuðla að endurreisn trúverðuleika fjármálakerfisins og fjármálafyrirtækja ásamt því að tryggt sé upplýst sölufjerli þar sem jafnræði ríkir í sölumæðferð eigna.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins